


Landlæknis- embættið 250 ára

Landlæknisembættið fagnar 250 ára afmæli sínu í ár en það var stofnað 18. mars 1760 og mun því vera með elstu embættum landsins af veraldlegum toga.

Í tilefni þessara tímamóta er ráðgert að efna til ýmissa viðburða og verkefna á vegum landlæknisembættisins. Efnt verður til hátíðardagskrár á afmælisdaginn 18. mars sem fram fer í hátíðasal Háskóla Íslands og verða þar flutt erindi um ýmsa þætti í sögu embættisins frá öndverðu og litið yfir þróunina til þessa dags. Heilbrigðisráðherra ávarpar samkomuna, en fundarstjórar verða Örn Bjarnason læknir og Sigurður Guðmundsson, fyrrverandi landlæknir.

Á afmælisárinu er ráðgert að gefa út röð greina á vef landlæknisembættisins sem sérfræðingar embættisins skrifa og munu fjalla um margvíslegan fróðleik úr sögu landlæknis og heilbrigðismála á Íslandi.

Samvinna hefur tekist með landlæknisembættinu, Garðyrkjufélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Lyfjafræðisafninu, Lækningaminjasafni Íslands og Seltjarnarnesbæ um stofnun urtagarðs í Nesi við



Seltjörn og er ráðgert að opna hann næsta sumar. Garðurinn verður hluti Lækningaminjasafnsins í Nesi og er stofnaður til að minnst 250 ára afmælis landlæknisembættisins, 125 ára afmælis Garðyrkjufélags Íslands og til minningar um fyrsta íslenska lyfsalann, Björn Jónsson, sem mun hafa stofnað og annast lækningaurtagarð í Nesi.

Nánar má lesa um hátíðardagskrána og viðburði afmælisársins á vefsíðunni www.landlaeknir.is

Lækningaminjasafnið á leiðinni til byggða, myndin tekin í október 2009. Mynd Védís.

Af heimasíðu landlæknis

Vísindaping Geðlæknafélags Íslands



Priðja vísindaping Geðlæknafélags Íslands verður haldið á Grand Hótel Reykjavík dagana 23. og 24. apríl 2010.

Pingið er haldið í tengslum við 50 ára afmæli Geðlæknafélagsins. Dagskrá hefst kl. 13 föstudaginn 23. apríl og stendur til kl. 17 laugardaginn 24. apríl. Aðalfundur kl. 9-11 á laugardeginum. Á þinginu munu geðlæknar og annað fagfólk á geðheilbrigðisviði kynna afrakstur vísindastarfs síns í stuttum erindum og á veggspjöldum. Frestur til að skila ágripum erinda (hámark 250 orð) er til 20. mars 2010 og skal senda með tölvupósti til Magnúsar Haraldssonar, hmagnus@landspitali.is

Á þinginu mun forseti samtaka evrópskra geðlækna (European Psychiatric Association), prófessor Hans-Jürgen Möller, halda erindi um stöðu og framtíð geðlækninga.

Laugardagskvöldið 24. apríl verður hátíðarkvöldverður og skemmtidagskrá.

Í undirbúningsnefnd eru geðlæknarnir Kristinn Tómasson, Magnús Haraldsson og Sigurður Páll Pálsson.